

**280. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 16. október 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2211152 - Veitur starfsemi á Akranesi**

Pétur Krogh Ólafsson, þróunar- og viðskiptastjóri Veitna og Sigrún Tómasdóttir, sérfræðingur í jarðvísindum hjá Orkuveitu Reykjavíkur kynntu starfsemi Veitna á Akranesi.

*Sigrún og Pétur fóru yfir starfsemi Veitna á Akranesi almennt. Fjallað var m.a um þau mál sem verið hafa í umræðunni að undanförmu, s.s. lykt af vatni, hæð og hita á grunnvatni og asbestlagir.*

*Skipulags- og umhverfisráð óskaði eftir því að Veitur leggi fram frekari upplýsingar um afkastagetu veitukerfa þeirra á Akranesi bæði m.t.t. núverandi ástands og framtíðar.*

*Pétur K Ólafsson og Sigrún Tómasdóttir, viku af fundi eftir þennan dagskrárlið.*

**2. 2209141 - Braggi í skógrækt**

Fyrirhuguð niðurrif á bragga í skógræktinni. Minjastofnun hefur gefið formlegt leyfi fyrir niðurrifi. Ástand braggans er mjög lélegt og er hann hrunninn að hluta.

*Skipulags- og umhverfisráð felur garðyrkjustjóra að setja af stað vinnu við rif á bragganum.*

**3. 2309230 - Sundabraut - aðalskipulagsbreyting og umhverfismat**

Sundabraut, umsögn vegna aðalskipulags Reykjavíkurborgar.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi greinargerð skipulagsfulltrúa með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.*

**4. 2309229 - Sundabraut og Akranes - kynningarfundir**

Umsögn til Vegagerðar, vegna matsáætlunar Sundabrautar.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi greinargerð bæjarstjóra með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.*

**5. 2309266 - Orkuskipti - skipulag vegna dreifi- og flutningskerfis raforku (hleðslustöðvar)**

Bréf til sveitarfélaga um innviði fyrir orkuskipti frá Innviðaráðuneytinu.

*Bréf lagt fram um mikilvægi þess að í skipulögum sveitarfélagsins sé hugað að orkuskiptum.*

**6. 2308168 - Deiliskipulag Flatahverfi, Innesvegur 1 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Lööðurs ehf. um breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis klasi 5 og klasi 6 vegna Innesvegur 1. Sótt er um að breyta notkun á lóð, að heimilt verði að hafa bílaþvottastöð, bílverkstæði og verslun í núverandi húsnæði á lóð. Lögð er fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðar breytinga á deiliskipulagi.

*Skipulags- og umhverfisráð óskar eftir nánari upplýsingum meðal annars varðandi hljóðvist, opunartíma, mögulega ljósmengun og umferðarstýringu um svæðið. Mikilvægt að tilgreina þessar upplýsingar sem fyrst í skipulagsferlinu.*

*Skipulagsfulltrúa er falið að vinna málið áfram í samvinnu við eigendur.*

**7. 2305045 - Aðalskipulag Akraness 2021-2033 breyting - Jaðarsbakkar**

Farið yfir stöðuna varðandi skipulag á Jaðarsbökkum, tillögur sem kynntar voru á sameiginlegum fundi Bæjarstórnar og skipulags- og umhverfisráði þann 10. október þar sem aðilar frá Sei studio, Basalt Arkitektum og Nordic Architecture kynntu frumdrög að skipulagi á svæðinu.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að haldinn verði íbúafundur 23. október klukkan 19:30 í Bíóhöllinni til kynningar um fyrirliggjandi frumtillögum að skipulagi á Jaðarsbökkum. Aðilar frá hönnunarstofum munu mæta og kynna tillögur sínar. Ennfremur mun starfshópur um uppbyggingu á Jaðarsbökkum kynna niðurstöður stefnumótunar á svæðinu. Fundurinn verður auglýstur í vikunni.*

**8. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar**

Farið yfir stöðuna varðandi skipulag á Jaðarsbökkum, tillögur sem kynntar voru á sameiginlegum fundi Bæjarstórnar og skipulags- og umhverfisráði þann 10. október þar sem aðilar frá Sei studio, Basalt Arkitektum og Nordic Architecture kynntu frumdrög að skipulagi á svæðinu.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að haldinn verði íbúafundur 23. október klukkan 19:30 í Bíóhöllinni til kynningar um fyrirliggjandi frumtillögum að skipulagi á Jaðarsbökkum. Aðilar frá hönnunarstofum munu mæta og kynna tillögur sínar. Ennfremur mun starfshópur um uppbyggingu á Jaðarsbökkum kynna niðurstöður stefnumótunar á svæðinu. Fundurinn verður auglýstur í vikunni.*

**9. 2210185 - Deiliskipulag Smiðjuvelli 12-22 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Smiðjuvalla ehf. unnin af ASK arkitektum um breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla 12-22. Breytingin felst í að sameina lóðir við Smiðjuvelli 12,14,16,18,20 og 22 í eina lóð Smiðjuvelli 12-22 og núverandi mannvirki rifin. Heimil verði íbúðauppbygging ásamt atvinnustarfsemi á lóð. Heimilt verði að byggja þriggja til sjö hæða byggingu með kjallara með allt að 45.385 fm með nýtingarhlutfall 1,50 ofanjarðar og 2,30 samtals.

*Erindið kynnt.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30**

*GWC - Sveinur Guðmundsson  
Anna Sólveig Smaradottir  
Sraus Alexia Sigurmundsdóttir*